



ÍSNES EHF.

1. mars 2007

1. tbl. 24. árg.

BERETTA



MIRAGE

SWAROVSKI
OPTIK

CZ ČESKÁ ZBROJOVKA



Ísnes Fréttir vor 2007

Í þessu blaði :

Ný loftskambyssa 2

Brno nafnið að koma aftur 2

Varmint frá CZ 2

Burris fjarlægðarmalir 3

Beretta DT 10 3

Mirage skotin 3

Nýtt skotsvæði 4

Ný Beretta 391 Urika 2

Beretta kynnti nýja línu af hálfsjálfvirkum haglabyssum í janúar. Um er að ræða arftaka Urika 391 byssunnar en sú nýja heitir 391 Urika 2.

Helstu breytingar felast í afgangsbúnaðinum en hann mun hreinsa byssuna betur en nokkru sinni áður og gera hana enn öruggari í skiptingunni en áður og þótti þó mörgum nóg um.


Eins verður hægt að fá hana með bakslagsbúnaðinum sem kynntur var í Xtrema línunni, Kick-Off. Einnig nýtt og glæsilegt útlit með nýrri aðferð í meðhöndlun viðarins sem kallast X-TRA grain.



KICK-OFF



X-TRA GRAIN



Í þessu blaði:

- Ný Beretta 391
- Nýjir sjónaukar frá Swarovski
- Ný Loftskambyssa frá Feinwerkbau
- Mirage með fleiri gerðir skota
- Beretta DT10 alltaf jafnvinsæl
- Brno að koma aftur !
- Nýtt skotsvæði í Reykjavík

Swarovski með nýja sjónauka

Swarovski var að kynna nýja línu af riffilsjónaukum, Z6-línuna. Þessir sjónaukar hafa víðasta stækkunarsvið allra á markaðnum, 6 sinnum stækkun en þeir koma í eftirtöldum gerðum til að byrja með, 1-6x24 / 1,7-

10x42 og 2-12x50. Þeir verða svo fáanlegir með upplýstum krossi frá og með Aprílmánudi. Eins má geta þess að augnfjarlægð (eye-relief) hefur aukist um 19-50% ! En það ætti að hjálpa til við að minnka



blóðrisa augnbrúnir skotmanna.

Feinwerkbau með nýja Loftskammbyssu



Feinwerkbau P44 Loftskammbyssa einskota til ólympískrar skotfimi af 10 metra fari



" Brno nafnið að koma aftur á markað frá Tékklandi "



ČESKÁ ZBROJOVKA

" CZ VARMINT með þungu hlaupi í cal. 308 "

Gjörbreyting hefur nú verið gerð á annars frábærri byssu og leyfi ég mér að segja að þetta séu breytingar sem gera þessa byssu að einhverri bestu loftskammbyssu allra tíma.

Helstu breytingar frá fyrra módeli eru að hún er 15% léttari, 27% þynnri, gikkfærslan er 75% lengri, skotpinninn er

78% léttari, gikkspennan er 50% minni, gikkurinn er á kúlulegu og því stílanlegur í allar áttir og eins er bakslagsdempurinn nú úr Tungsten efni sem gerir hann afar léttan og því miklu nákvæmari dempun í bakslaginu.

Enn einu sinni hefur Feinwerkbau tekist að koma fram með yfir-

burðabyssu en þeir eru t.d. alsráðandi á loftriffla-markaðnum fyrir keppnismennina, hálfsjálfvirka cal.22 Sportskammbyssan er toppurinn á sínu sviði og eins eru þeir með einn besta frírifilinn á markaðnum. Ísnes hefur verið í nánú samstarfi við Feinwerkbau síðan 1993 og er því að hefja 14 samstarfsárið.

Ceska Zbrojovka að kaupa Brno !

Ceska Zbrojovka, CZ eða það sem Íslendingar þekkja sem Bruno, var að kaupa þrotabú gamla BRNO fyrirtækisins og mun hefja markaðssetningu á

haglabyssum undir BRNO heitinu seinna á árinu.

BRNO RIFLES er núna í 100% eigu EXIMAT a.s. sem er meirihlutaeigandi í Ceska Zbrojovka.

Undir það síðasta var aðaláherslan lögð á framleiðslu á haglabyssum og mun því verða haldið áfram undir stjórn nýrra eigenda.

CZ Varmint laminated



Þessi riffill er með þungu hlaupi og fæst í tveimur hlaupvíd-

dum, cal.308 og cal.22-250. Hann kemur með lagskiptu

skefti og lausu magasíni.

Burrís alltaf með eitthvað nýtt

Laser riffilsjónauki með innbyggðum fjarlægðarmæli er að koma frá Burrís. Hann verður í stærðinni 4-12x42mm og verður með Ballistic Plex krossi. Þessi sjónauki verður kominn í verslanir með vorinu.



BURRIS



DT-10 er eftirsótt

DT10 keppnisbyssan frá Berettu er alltaf jafnvinsæl. Segja má að í Skeet heiminum sé sú byssa allsráðandi hjá keppnismonnum á heimsvísu. Er það módel afar vel heppnað og tók við af gömlu ASE byssunni sem áður

trónaði á toppnum.

Ekki má þó gleyma Berettu 682 Gold E byssunni sem er afar góður valkostur ef menn eru ekki tilbúnir að greiða hálfá milljón fyrir DT10 því 682 er nánast helm-



ingi ódýrari en er afar traust og er líklega algengasta keppnisbyssa almennt í heiminum í dag. Menn verða þó að athuga að þanta þarf þessar byssur tímanlega því afgreiðslufrestur er um 6 mánuðir í dag.

" DT 10 haglabyssan frá Berettu er líklega eftirsóttasta Skeet keppnisbyssan á markaðnum í dag "

Mirage - ítölsku keppnissskotin

Clever Mirage eru afar eftirsótt skot frá Ítalíu sem Ísnes hefur boðið uppá undanfarin 20 ár. Þau eru notuð af keppnismonnum sem krefjast bestu mögulegu gæða og öryggis sem völ er á. Hér heima hafa flestir okkar

toppskotmanna notað skotin með góðum árangri og ófáir titlar unnist með þeim í gegnum árin.

Eins hafa veiðiskotin þeirra ávallt skipað háan sess hjá veiðimönnum og nægir þar að nefna brúnu

42gramma skotin, grænu 38gramma og svörtu 34gramma. Nú á síðustu árum hafa menn einnig verið að prófa nýju 66gramma 3,5" skotin með góðum árangri á tófuna sem og gæsina.





ÍSNES EHF.

Hamraborg 5
3. hæð
200 Kópavogi

Sími: 544 8790
Gsm: 893 1231
Fax: 544 8795
E-mail: isnes@isnes.is

Við erum á netinu:
www.isnes.is



Ísnes ehf var stofnað árið 1983 og er því að hefja 24. starfsárið.

Ísnes einbeitir sér að því að veita persónulega þjónustu við verslanir, skotmenn og þá sérstaklega íþróttaskotmenn og eins þá sem krefjast bestu tækjanna sem völ er á. Á þetta við um bæði skotvopn sem og skotfæri, ásamt því að fá bestu glerin til nota í sínu sporti.

Ísnes veitir einnig ýmsa aðra þjónustu og má þar nefna aðstoð við skattauppgjör einstaklinga og minni fyrirtækja, útvegum á ýmsum vörum til sláturiðnaðar ofl.ofl.



Útsýnið af skeet völlum er rosalegt einsog sjá má af velli 1.

Riffilhúsið er með 18 skotbásam

Nýtt skosvæði í Reykjavík

Nú á vordögum mun nýtt og glæsilegt skotsvæði verða opnað á Álfsnesi í Reykjavík. Skotfélag Reykjavíkur er umsjónaraðili svæðisins og hefur uppbygging þess tekið um 4 ár og því löngu tímabært að hefja þar starfsemi aftur. Á svæðinu verða 4 haglabysuvellir fyrir skeet skotfimi og eins verður innbyggt í einn völlinn Nordiskt Trap sem er ný keppnisgrein innan Norðurlandasambandsins. Riffilvöllurinn er gerður fyrir 18 brautir og er fyrir færi útá 300 metra. Skotborðin eru úr stálgrind með steyptri plötu og eins steyptum fótum og því afar traust.

Þau verða einnig með hjólum svo hægt verði að færa þau úr stað eftir því hvað skotgrein er í gangi hverju sinni. Ennfremur er stefnt að því að



setja upp hreyfanlegt riffilskotmark á 100 metra færi sem uppfyllir skilyrði norrænna reglna um Running Target greinina sem keppt er í á Norðurlöndunum.

